

DAÐASTAÐIR

Daðastaðir, syðsti bær í Núpasveit, stendur í dalverpi undir Öxarnúpi. Þar sem bærin



stendur svo nærri Núpabrekkum sést þar ekki sól frá því í nóvember og til þriðja febrúar. Skammt austan við bæinn rennur Naustá sem á upptök sín í Arnarstaðadal. Austan árinna eru jarðirnar Arnarstaðir og Arnarhóll sem báðar heyrast undir Daðastaði í dag. Bærin stendur í um tveggja kílómetra fjarlægð frá Þjóðvegi 85.

Lengst til vinstri á myndinni er nýrra íbúðarhús Daðastaða byggt 1977. Fyrir miðju stendur eldra íbúðarhús (Gamla húsið) byggt 1937. Lengst til hægri má sjá fjárhúsin, sem rúma um þúsund kindur og voru byggð 1977, og hlöðu byggða 1973.

Ábúendur og eigendur frá 1982 eru Gunnar Einarsson og Guðrún Sigríður Kristjánsdóttir.



Börn þeirra hjóna. Frá vinstri, Elísabet Gunnarsdóttir, Reynir Gunnarsson, Kristján Ingi Jónsson, Birkir Gunnarsson og Ólafur Daníel Jónsson. Myndirnar eru teknar í útskrift Reynis frá Menntaskólanum á Akureyri sumarið 2008.



Búskapur. Á Daðastöðum er búið með sauðfé og var þar um árabíl um 1000 fjár á vetrarfóðrum. Árið 2012 var fækkað um 200 í stofninum og stendur til að fækka um annað eins. Gunnar ætlar að snúa sér að landgræðslu og skógrækt í meira mæli. Gunnar sem er mikill áhugamaður um landgræðslu hefur í samstarfi við fjölskyldu sína nú þegar náð gríðarlega góðum árangri í uppgræðslu mela og rofabarða. Frá upphafi hefur Gunnar ræktað og tamið fjárhunda með það að markmiði að létta sér og öðrum sauðfjárbændum störfin.